



Jafnréttisstefna Landsbankans

Landsbankinn fylgir lögum, reglum og samningum sem snerta jafnréttismál og gilda á hverjum tíma. Landsbankinn er vinnustaður þar sem hver einstaklingur er metinn að verðleikum og allir hafa jafna möguleika og sömu réttindi í starfi og til starfsframa. Landsbankinn skapar vettvang til virkrar umræðu og vitundar um jafnréttismál. Mismunun byggð á kyni, kynþætti, kynhneigð, trúarbrögðum eða þjóðerni er ekki liðin.

Megináherslur í jafnréttismálum eru:

- Landsbankinn er vinnustaður þar sem allt starfsfólk, óháð kyni, á jafna möguleika til starfa og stjórnarsetu.
- Landsbankinn stefnir að jöfnu hlutfalli kynja meðal starfsfólks og að ákveðin störf flokkist ekki sem sérstök karla- eða kvennastörf.
- Landsbankinn greiðir öllu starfsfólki, óháð kyni, jöfn laun og sömu kjör fyrir jafnverðmæt störf.
- Landsbankinn er vinnustaður þar sem starfsfólk getur samræmt vinnu og einkalíf.
- Landsbankinn líður ekki einelti, fordóma, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni né ofbeldi.
- Landsbankinn gætir þess að starfsfólk hafi sömu tækifæri til starfsþróunar, náms og fræðslu.

Jafnréttisstefnan gildir fyrir bankann og sem liður í eigendastefnu bankans í dótturfélögum. Jafnréttis-stefnan skal yfirfarin eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Reykjavík 9. Janúar 2024

Lilja Björk Einarsdóttir
Bankastjóri